

180. aðalráðstefna

Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu

október 2010

Trú – ykkar er valið

Richard C. Edgley biskup
fyrsti ráðgjafi í Yfirbiskupsráðinu

Við erum uppi á stórkostlegustu ráðstöfun allra tíma – þeim tíma sem fyrri tíðar spámenn væntu, spáðu fyrir um og þráðu, að ég tel. Satan, sem er mjög svo raunverulegur, er hins vegar alltaf að og við erum stöðugt undir árás misvísandi boðskapar, þrátt fyrir allar þær himnesku blessanir sem við hljótum. Engillinn Moróni varaði hinn unga spámann, Joseph Smith, við því að nafn hans yrði talið tákn góðs og ills með öllum þjóðum (sjá JS–S 1:33) og aldrei hefur uppfylling spádóms verið eins raunveruleg. Spámaðurinn lét líf sitt fyrir vitnisburð sinn og árásir gegn kirkjunni og jafnvel frelsaranum sjálfum halda enn áfram. Raunveruleika frelsarans, friðþægingarförn hans og alheims tileinkun hennar okkur öllum til handa er storkað og oft á tíðum vísað frá sem goðsögn eða undirstöðulausri von hins veikburða og ómenntaða hugar. Enn fremur er raunveruleiki endurreisnar fagnaðarerindisins á þessum síðari dögum enn véfengdur. Stöðug árás slíks boðskapar getur valdið glundroða, efa og neikvæðni, sem hvert fyrir sig ræðst á þann grundvallarsannleik sem við trúum á, trú okkar á Guð og framtíðarvon okkar.

Vera má að þetta sé sá raunveruleiki sem við búum við, en við getum samt sem áður valið viðbrögð okkar. Við getum kynnst Guði mun persónulegar og nánar þegar heilagar kenningar okkar og trú eru véfengdar. Það er okkar tækifæri til að velja.

Vegna ágreiningsins og áskorananna sem við stöndum frammi fyrir í dag, langar mig að leggja til einn valkost – valkost um frið og vernd og sem hentar öllum. Sá valkostur er trú. Gætið þess að trú er ekki ókeyppis gjöf sem gefin er án hugsunar, þráar eða framtaks. Hún fellur ekki á okkur eins og dögg af himni. Frelsarinn sagði: „Komið til mín“ (Matt 11:28) og „knýið á og fyrir yður mun upp lokið verða“ (Matt 7:7). Þetta eru aðgerðarsagnir – *komið knýið á*. Þær eru valkvæðar. Því segi ég, veljið trú. Veljið trú umfram efa, veljið trú umfram ótta, veljið trú umfram hið óþekkta og óséða og veljið trú umfram svartsýni.

Hin sígilda ræða Alma um trú, sem skráð er í 32. kapítula í bók Alma í Mormónsbók, fjallar um fjölda ákvarðana sem tryggja þróun og varðveislu trúar okkar. Alma veitti okkur tilskipun um að velja. Orð hans voru orð aðgerða sem hófust með vali. Hann notaði orðin *vakna, vekja, tilraun, sýna, löngun og gróðursetja*. Síðan útskýrði Alma, að

ef við tökum þessar ákvarðanir og vörpum sáðkorninu ekki burt vegna vantrúar, „mun það fara að þenjast út í brjóstum [okkar]“ (Alma 32:28).

Já, trú er valkostur og hennar verður að leita og hana þroska. Þannig erum við ábyrg fyrir okkar eigin trú. Við berum einnig ábyrgð á vantrú okkar. Okkar er valið.

Það er margt sem ég ekki veit. Ég þekki ekki í smáatriðum hvernig skipuleggja má efnið til að úr verði þessi fallegi heimur sem við lifum í. Ég skil ekki hin flóknu atriði sem tengjast friðþægingunni, hvernig fórn frelsarans getur hreinsað alla þá sem iðrast eða hvernig frelsarinn gat þolað „kvalir allra manna“ (K&S 18:11). Ég veit ekki hvar Sarahemlaborg var, sem greint er frá í Mormónsbók. Ég veit ekki af hverju trú mín er stundum á skjön við það sem telst vísindaleg eða veraldleg þekking. Ef til vill eru þetta þættir sem himneskur faðir okkar hefur lýst sem „[leyndardómum] himnaríkis“ (K&S 107:19) sem opinberaðir muni verða síðar.

Þótt ég viti ekki allt, veit ég það sem máli skiptir. Ég þekki hinn auðskiljanlega og einfalda sannleika fagnaðarerindisins sem leiðir til sáluhjálpar og upphafningar. Ég veit að frelsarinn leið kvalir allra manna og að allir sem iðrast geta hreinsast af synd. Og yfir það sem ég veit ekki eða skil ekki algjörlega, smíða ég brú með máttugri hjálp trúarinnar, sem ég get ferðast eftir og meðtekið hin dásamlegu loforð og blessanir fagnaðarerindisins. Trú okkar færir okkur síðan fullkomna þekkingu, eins og Alma kennir (sjá Alma 32:34). Með því að halda áfram út í hið óþekkt, með einungis von og þrá að vopni, sýnum við trú okkar og tryggð til Drottins.

Við skulum því velja að fyrirmynd Alma. Velja trú.

- *Veljið* að vakna og „vekja hæfileika ykkar“ (Alma 32:27), ef hugur ykkar er þjakaður af óvissu og vonleysi. Að nálgast Drottin í auðmýkt, með sundurkramið hjarta og sáriðrandi anda, er vegurinn að sannleikanum og vegur Drottins að ljósi, þekkingu og friði.

- *Veljið* að „sýna örlitla trú,“ veljið að „gjöra tilraun með orð [hans],“ ef vitnisburður ykkar er óþroskaður, óreyndur og ótryggur (Alma 32:27). Frelsarinn útskýrði: „Sá sem vill gjöra vilja hans, mun komast að raun um, hvort kenningin er frá Guði eða ég tala af sjálfum mér“ (Jóh 7:17).

- Þegar rökhyggja, ályktanir eða eigin viska, stangast á við helga kennslu og kenningar, eða misvísandi skilaboð ganga gegn trú ykkar, eins og eldleg skeyti, líkt og Páll postuli lýsti (sjá Ef 6:16), *veljið* þá ekki að varpa sáðkorninu úr hjarta ykkar vegna vantrúar. Munið að við hljótum ekki vitnisburð fyrr en reynt hefur á trú okkar (sjá Eter 12:6).

- *Veljið* að næra trú ykkar „af mikilli umhyggju“ (Alma 32:37), ef hún er sannreynd og þroskuð. Trú okkar getur orðið brothætt vegna allra hinna misvísandi skilaboða sem á

hana ráðast, hversu sterk sem hún kann að vera. Trúin þarf á stöðugri næringu að halda með áframhaldandi ritningarnámi, bæn og hagnýtingu orða hans.

Þegar lærisveinarnir spurðu Jesú hvers vegna þeir gátu ekki rekið út illan anda, eins og þeir höfðu séð Jesú gera, svaraði hann: „Ef þér hafið trú eins og mustarðskorn, getið þér sagt við fjall þetta: Flyt þig héðan og þangað, og það mun flytja sig.“ (Matt 17:20). Ég hef aldrei orðið vitni að flutningi raunverulegs fjalls. En vegna þess að ég hef trú, hef ég séð fjall efasemda og örvæntingar flutt og í staðinn hefur komið von og bjartsýni. Vegna trúar hef ég persónulega orðið vitni að því að syndafjall hefur verið flutt fyrir tilverknað iðrunar og fyrirgefningar. Og vegna trúar hef ég séð frið, von og þakklæti koma í stað fjalls sársauka. Já, ég hef séð fjöll flutt.

- Með trú minni hef ég virkjað kraft prestdæmisins sem ég hef og meðtekið af gleði fagnaðarerindisins og með opnum örmum tekið á móti endurleysandi helgiathöfnum.
- Vegna trúar minnar hef ég komist í gegnum baráttu og erfiðleika lífsins með frið og fullvissu.
- Vegna trúar minnar hef ég getað breytt spurningum og jafnvel efa í fullvissu og skilning.
- Vegna trúar minnar nálgast ég hið óþekkt, óséða og óútskýrða af gagnrýnislausri fullvissu.
- Og vegna trúar minnar viðurkenni ég af rósemd og þakklæti, að í raun eru þetta bestu stundirnar, jafnvel þótt afar erfiðar séu.

Og þegar við veljum trú og nærum hana, uns hún verður að fullkominni þekkingu á því sem Drottins er, getum við notað orðin „ég vitna“ eða „ég veit.“ Sjálfur hef ég gróðursett sáðkornið í mínu hjarta og í gegnum lífið hef ég reynt að hlúa að því, svo það verði að fullkominni þekkingu. Og nú, er ég stend í þessum ræðustól, ber ég vitni um að Jesús er Kristur, lausnari heimsins. Enn fremur vitna ég um að Joseph Smith var spámaður Guðs og hið lifandi verkfæri, sem Drottinn notaði til að færa að nýju hið sanna fagnaðarerindi Jesú Krists á jörðu í fyllingu sinni. Ég vitna um að Thomas S. Monson forseti er spámaður Drottins í dag. Valkostur trúarinnar er minn, líkt og ykkar. Við skulum velja trú. Í nafni Jesú Krists, amen.